

70 Af umræðunum á alþingi sjest, að í ályktun þeirri, er hjer ræðir um, er átt við 11. júní. skaðabætur til landssjóðsins frá yfirboðurum Fensmarks, er þeir álitast skyldir að greiða af hendi fyrir vanrækslu þeirra í að líta eptir embættisfærslu Fensmarks. Æðri embættismenn þeir, er menn í þessu efni hafa getað átt við, eru: amtmaður yfir suður- og vesturamtinu og síðar landshöfðingi B. Thorberg og landshöfðingi Finsen, sem báðir eru dánir, ennfremur þjer, herra landshöfðingi, sjálfur, sem settur amtmaður yfir suður- og vesturamtinu frá 1. maí 1883, og loks ráðgjafinn fyrir Ísland. Að því er snertir 2 hina fyrstnefndu er ráðgjafinn að öllu leyti samdóma yður um, að hvorugur þeirra hefir brotið eptirlitsskyldu sína svo, að á því verði byggð skylda til að bæta landssjóðnum að öllu eða nokkru leyti skaða þann, er hann hefir beðið af embættisrekstri Fensmarks. Að því er kemur til yðar, sem setts amtmanns, getur auk þess alls eigi verið umtalsmál um neina skaðabótaskyldu sakir sjóðpurðarins hjá Fensmark, þó eigi væri litið til annars en þess, hvenær þjer voruð settur amtmaður, og til ráðstafana þeirra, er þjer síðan komuð til leiðar gegn nefndum embættismanni. Það er því aðeins eptir að ræða um skaðabótaskyldu þá, sem álitid er að hvíli á ráðgjafanum fyrir Ísland. Skaðabótaskyldu þessari verður ráðgjafinn að neita sem öldungis óheimiladri. Með konungsúrskurði 20. febr. 1875, sbr. auglýsingu 22. s. m., um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi, 5. gr., var umsjónin með reikningsmálum Íslands og eptirlitið með öllum gjaldheimtumönnum falið landshöfðingjanum, og eptir skipun þeirri á reikningsmálunum, er samkvæmt þessu hefir verið á komið, getur ráðgjafinn alls ekkert verulegt eptirlit haft í þessum málum, en þau heyra að öllu leyti undir stjórn þá, sem er í landinu sjálfu. Á þinginu hefir verið lögð sjerstök áherzla á það, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa í athugasemdum sínum um landsreikningana fyrir 1882 og 1883 vakið sjerstaklega athygli að því, hve nauðsynlegt væri að ákvörðununum í reglugjörð 13. febr. 1873 væri stranglega fylgt, og tekið það fram, að stjórnin bæri ábyrgðina ef tjón hlytist af fyrir landssjóðinn, að þeirra væri eigi gætt. En við þetta er það að athuga, að landshöfðinginn, sem þessum athugasemdum var beint að, hefir útaf þeim brýnt það fyrir gjaldheimtumönnum, að fara nákvæmlega eptir reglugjörðinni, enda er það að öðru leyti vitaskuld, að yfirskoðunarmennirnir geta eigi með ummælum sínum lagt ábyrgð á ráðgjafann, sem eigi hvílir á honum eptir gildandi lögum. Og auk þessa skal það ennfremur tekið fram, að athugasemdir þær við landsreikningana fyrir 1882 og 1883, þarsem nefnd ummæli koma fram um misfellur í embættisfærslu Fensmarks eða vantandi reikninga frá honum, komu eigi fyrir sjónir ráðgjafanum fyr en eptir að Fensmark hafði verið vikið frá embætti.

Ráðgjafinn getur samkvæmt þessu eigi álitid ástæðu vera til að gjöra neitt útaf áskorun þeirri, sem innifalin er í ályktun þeirri, er neðri deild alþingis hefir samþykkt.

71 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um löggilding verzlunarstaða. — Með þóknanlegu brjefi 13. sept. f. á. hafid þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um löggildingu nýrra verzlunarstaða, sem komið var fram með af þingmanna hálfu á aukaalþingin í fyrra sumar, og sem þar var samþykkt. Verzlunarstaðirnir voru þessir:

- 1, við Haukadal í Dýrafirði,
- 2, við Höfn í Sljettuhrepp,
- 3, Múlahöfn við Hjeraðsflóa í Norðurmúlasýslu,

- 4, við Svalbarðseyri við Eyjafjörð,
- 5, við Þórshöfn í Gullbringusýslu,
- 6, við Haganesvík í Skagafjarðarsýslu,
- 7, við Vogavík í Gullbringusýslu.

71
11. júní.

Í nefndu brjefi yðar tókuð þjer það fram, að þarsem öll lagafrumvörp þau, sem alþingi hingaðtil hefði samþykkt um löggildingunni nýrra verzlunarstaða, hefðu hlotið konungsstaðfestingu, væri að yðar ætlun ekki ástæða til nú að synja staðfestingarinnar. En um leið ljetuð þjer í ljósi það álit yðar, að efast mætti um, og það ekki að ástæðulausu, hvort takmarkalaus löggilding verzlunarstaða væri landinu í hag, þegar rjett væri að gætt, og sömuleiðis tókuð þjer það fram, að tæplega væri útlit fyrir, einsog nú stæði á, að fastaverzlun kæmist á fyrst um sinn á nokkrum af þessum 7 stöðum. Skömmu síðar var og hingað send bænarskrá frá Akureyrar kaupstað um að lagafrumvarp þetta fengi eigi konungsstaðfestingu, þarsem löggilding Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, sem er einn af stöðum þeim, sem nefndir eru í lagafrumvarpinu, hlyti að kippa mjög úr vexti og viðgangi Akureyrar. af því hún er þar rjett hjá, án þess þó að gjöra það gagn, sem því svari. Af öllu þessu þótti ráðgjafanum, sem er mjög í efa um, hvort ráðstöfun sú, sem hjer er farið fram á, verði að tilætluðum notum, ástæða til að biðja yður um nákvæmar rökstutt álit yðar bæði um mál þetta yfir höfuð, og um það, hvað mæli með hverjum einstökum stað af þeim, sem lagt er til að verði löggiltir verzlunarstaðir.

Það, sem þjer síðan í brjefi frá 6. f. m. hafið tekið fram, hefir ekki getað annað en styrkt þá ætlun mína, að óhagurinn verði langtum meiri en hagurinn af því að halda áfram að fjölga svo löggildum verzlunarstöðum sem alþingi hefir stungið uppá á hinum síðustu árum. Fyrst verður nú að leggja töluverða áherzlu í þessu efni á það, að ef löggildum verzlunarstöðum fjölgar svo framvegis, þá hljóta jafnframt ávallt að vaxa erfiðleikarnir á að hafa eptirlit með að toll- og sóttvarnarlaganna sje gætt. Sömuleiðis verður staða fastaverzlananna, sem nauðsynlegar eru til þess að byrgja landið með vörum, smátt og smátt erfiðari og erfiðari, og þannig verður það á valtari fótum, að landið sje nægilega byrgt að vörum. Þarnaest er, einsog þjer hafið tekið fram, svo ástatt, að þótt þeir, er í kring búa, hafi hag af því að vöruflutningar verða þeim hægari, þegar nýr verzlunarstaður er löggiltur, þá vega hinar illu afleiðingar, sem verzlunarstaðir hafa á bændur þá, sem nálægt búa, opt og tíðum meir en á móti því, þarsem reynzlan hefir sýnt, að þeir leiðast fremur til iðjuleysis og til að fara optar í kaupstaðinn og taka meira út en ella; við þetta vesnar efnahagurinn og það því fremur, sem vöruverð í smákaupstöðum, sem hafa lítið sveitaland og litla verzlun, hlýtur að vera mjög hátt.

Reyndar eru nú líkindi til, að þó frumvarp þetta yrði að lögum, mundi það hafa litla þýðingu í raun og veru, að minnsta kosti um langan tíma, þegar litið er til þess, sem þjer hafið skýrt frá, að hvergi er enn komin á fastaverzlun á þeim 15 verzlunarstöðum, sem löggiltir hafa verið 1879 og síðar, og til þess að flestir af stöðum þeim, sem nú er stungið uppá að löggilda, sumpart eru illa fallnir til verzlunarstaða og sumpart liggja nálægt verzlunarstöðum, sem áður hafa verið löggiltir. En hvorki þetta nje heldur hitt, að stjórnninni hefir ekki áður þótt næg ástæða til að standa móti lagafrumvörpum alþingis í þessa stefnu, hefir ráðgjafanum þótt vega móti þeim aðalástæðum, sem getið er að framan, móti því að halda áfram þeirri stefnu sem fylgt hefir verið hingaðtil, og sem annars raddir hafa risið á móti einnig á alþingi.

Ráðgjafanum hefir þannig ekki getað annað en þótt það mjög ísjárvert að ráða til að lagafrumvarp það, er hjer liggur fyrir, verði gjört að lögum og samkvæmt því

71 hefir hans hátign konunginum þóknast 8. f. m. eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráð-
11. júní, gjafans um málið að fallast á, að ofan nefnt lagafrumvarp hljóti ekki konungsstaðfestingu.

Þetta er eigi látið hjálíða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

72 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um toll
13. júní á íslenskum fiski á Spáni. — Með þóknanlegu brjefi 25. ágúst f. á. hafð þjer, herra
landshöfðingi sent hingað ályktun, er samþykkt var af alþingi á aukþinginu í fyrra, og
er þar fastlega skorað á stjórnina að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins
með því nú þegar að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess, að tollmunur sá,
landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk þangað flutt-
an frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin ár hefur valdið landsbúum ær-
ins fjártjóns, verði sem allra fyrst afnuminn. Þjer hafð um leið mælt hið bezta með
því að ráðgjafinn ljeti sjer umhugað um málefni þetta og tekið það fram, að þó að al-
þinginu hefði verið það kunnugt, að stjórninni væri einkar annt um þetta mál, og að
tálmanirnar fyrir því að það næði fram að ganga, hefðu komið úr annari átt, þá hefði
það þó, vegna þess hve fjarska-þýðingar mikið mál þetta væri fyrir landið og með tilliti til
bænar skráafjölda þess, er um málið höfðu komið til þingsins, álitid, að sjer bæri að láta
í ljósi óskir sínar og vonir um að stjórninni mætti takast að koma þeirri skipun á
þetta velferðarmál Íslands, er vel mætti við una.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar, og til þess að þjer getið svarað fyrirspurnum á alþingi, er fram kynnu að
að koma, að stjórnin aldrei hefur misst sjónar á máli þessu, að gjörðar hafi verið, síð-
an felldur var í ríkisþinginu verzlunar- og siglingasamningur sá við Spán, er fyrir það
hafði verið lagður, ýmislegar tilraunir til að bæta úr því óhagræði, er leiddi af því að
slíkan samning vantaði, en að þessar tilraunir hefðu orðið árangurslausar, og að stjórn-
in hefði þá von, að henni mundi takast að semja svo við ríkisþingið á næstu samkomu
þess, að þetta málefni verði til lykta leitt, svo að við megi una einnig fyrir Íslands
hönd.

73 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
13. júní ingar á frumvarpi til laga um stofnun lagaskóla. — Með brjefi 16. sept. 1885 sendi
þáverandi landshöfðingi Thorberg hingað frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Ís-
landi, sem komið hafði fram af hálfu þingmanna, og síðan var samþykkt á alþingi
1885.

Með þessu frumvarpi hefur alþingi breytt frá aðferð sinni 1883 til að koma á
innlendum lagaskóla, þar sem lagaskólinn þá var tengdur við hinar tvær æðri mennt-
unarstofnanir í Reykjavík, reyndar að eins að ytri álitum, en nú hefur alþingi horfið apt-
ur að þeirri aðferð, sem nokkrum sinnum hefur verið áður höfð, að koma beinlínis fram
með frumvarp um stofnun hinnar þriðju menntunarstofnunar í landinu til menntunar
löfræðinga.

Munurinn á þessu frumvarpi og frumvarpi því, sem alþingi síðast samþykkti
um þetta efni, og sem neitað var staðfestingar með konungsúrskurði 29. febr. 1884 (sbr.
ráðgjafabrjef 31. marz s. á.), er að efninu til einungis sá, að hinum fyrirhugaða 2. kenn-
ara við skólann eru ætlaðar 2500 kr. í laun í stað 2400 kr., að ráðgjafinn á að semja